

## AUGLÝSING

### um frestun á fundum Alþingis.

Samkvæmt tillögu forsætisráðherra hefur forseti Íslands gefið út svofellt bréf um frestun á fundum Alþingis:

„FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Að ég, að tilskildu samþykki Alþingis, veiti forsætisráðherra umboð til þess að fresta fundum Alþingis, 131. löggjafarþings, frá 11. maí 2005 eða síðar, ef nauðsyn krefur, til septemberloka.

*Gjört á Bessastöðum, 10. maí 2005.*

**Ólafur Ragnar Grímsson.**  
(L. S.)

---

*Halldór Ásgrímsson.*“

Alþingi samþykkti hinn 11. maí 2005 ályktun um samþykki til frestunar á fundum Alþingis samkvæmt 1. mgr. 23. gr. stjórnarskrárinnar. Samkvæmt framangreindu umboði og með skírskotun til samþykkis Alþingis var fundum Alþingis, 131. löggjafarþings, frestað hinn 11. maí 2005.

*Forsætisráðuneytinu, 12. maí 2005.*

**Halldór Ásgrímsson.**

---

*Bolli Þór Bollason.*

## AUGLÝSING

### um meðferð forsetavalds í fjarveru forseta Íslands.

Forseti Íslands, herra Ólafur Ragnar Grímsson, fór til útlanda hinn 10. þ.m. Í fjarveru hans fara forsætisráðherra, forseti Alþingis og forseti Hæstaréttar með vald forseta Íslands samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar.

*Forsætisráðuneytinu, 12. maí 2005.*

**Halldór Ásgrímsson.**

---

*Bolli Þór Bollason.*